

Upplýsingar til nemenda

Hér að neðan eru mikilvægar upplýsingar um nám í FAS.

Skólasetning

Skólasetning verður þriðjudaginn 4. janúar klukkan 10:00 á sal skólans. Skólasetningu verður streymt. Í kjölfarið er umsjónarfundur með umsjónarkennurum. Mikilvægt er að nemendur mæti á skólasetninguna og umsjónarfund. Kennsla hefst samkvæmt stundatöflu 5. janúar.

Um skólagjöld

Nemendur eru skráðir sem staðnemendur, fjarnemendur og fjarmenntaskólanemendur. *Staðnemendur* greiða 6.000 kr. skráningargjald og 4.000 kr. nemendafélagsgjald og eru þessi gjöld innheimt með einum greiðsluseðli. Lögum samkvæmt er ekki hægt að skylda nemendur til að vera í nemendafélaginu og þeir sem ekki vilja vera í því þurfa að hafa samband við skrifstofuna **fyrir 6. janúar** til að fá félagsgjaldið endurgreitt.

Fjarmenntaskólanemendur greiða skráningargjald í sínum skóla. *Fjarnemendur* greiða 6.000 kr. skráningargjald og 12.000 kr. fjarnámsgjald fyrir fyrsta áfanga og 12.000 kr. fyrir annan áfanga, að hámarki 30.000 kr. Fljótlega mun berast greiðsluseðill vegna innheimtu skólagjalda. Skólagjöld eru ekki endurgreidd. **Aðgangur inn á Innu sem er skráningakerfi framhaldsskóla er lokaður þar til skólagjöld hafa verið greidd.**

Námsumhverfi

Til að skoða áfangaskráningu þarftu að fara inn á inna.is og þar smellir þú á island.is. Þar er notast við rafræn skilríki eða íslykil til innskráningar. FAS notar Innu, Námsvef FAS og Office 365 til að halda utan um nám nemenda. Hér finnur þú [leiðbeiningar](#) um innskráningu inn á Innu.

Skoðuðu vandlega val þitt í Innu og athugaðu hvort allt sé þar rétt og í samræmi við óskir þínar. Einhverjar breytingar kunna að verða á skráningu í áfanga ef forsendur breytast. Nemendur geta breytt áfanga-skráningu til 6. janúar í samráði við umsjónarkennara. **Vakin er sérstök athygli á því að áfangaskráning nemenda verður ekki frágengin fyrr en stundatafla birtist í Innu eftir miðjan desember.**

Rafræn samskipti fara fram í gegnum Office 365. Allir nemendur FAS hafa aðgang að Office pakkanum og hann er notaður í **allri** vinnu nemenda við skólann. Í þeim pakka er tölvupóstur í Outlook, ritvinnsla í Word, töflureiknir í Excel og fleira. Nemendur fá FAS-netfang og munu kennarar **eingöngu** nota það í samskiptum við nemendur. Einnig er gagnageymslusvæðið OneDrive og ætlast er til að nemendur geymi gögnin sín tengd náminu í því. Hér finnur þú [leiðbeiningar](#) um hvernig þú skrair þig inn í Office 365 í fyrsta sinn.

Kennarar nota Námsvef FAS til að setja inn gögn, útdeila verkefnum og gefa einkunnir. Opnað verður fyrir áfanga á Námsvefinn í síðasta lagi fyrsta kennsludag þann 5. janúar. Í fjarnámsáföngum eru almennt til staðar kennslumyndbönd um lyklatríði námsefnisins. Hér finnur þú [leiðbeiningar](#) um hvernig þú kemst inn á Námsvef FAS.

Í FAS eru áfangar án lokaprófs en í stað þess fara nemendur í lokamat sem fer fram með viðtali í lok annar. Gerð er krafa um að fjarnemendur mæti á þrjá myndfundi með kennara á önninni; kennarar nota myndfundaforritið *Teams* sem er hluti af Office 365. Fundarboðið kemur á FAS-netfangið.

Í flestum áföngum er námsmappa. Í henni á nemandinn að gera grein fyrir vinnu sinni, setja inn glósur og styttri verkefni, tilgreina fjölda tíma og ígrunda námsefnið. Námsmappan er aðalgagnið í lokmatsviðtali.

[Kennsluáætlanir](#) má finna á vef skólans. Í þeim er umfjöllun um skipulag náms og námsefni tilgreint. Mikilvægt er að nemendur kynni sér vel kennsluáætlanir. Upplýsingar um námsgögn í áföngum er að finna í kennsluáætlunum og koma inn í Innu miðjan desember. Bóksala verður í bókasafninu í Nýheimum. Hún

opnar **miðvikudaginn 5. janúar** og þar fást allar helstu námsbækurnar. **Staðgreiða þarf fyrir öll viðskipti í bóksölu**. Fjarnemendur þurfa sjálfir að útvega sér bækur.

Í skólanum er góð vinnuaðstaða fyrir nemendur. Jafnframt geta nemendur fengið geymsluhólf til að geyma bækur, tölvur og önnur gögn sem þeir þurfa á að halda í skólanum. Skipulag náms og kennslu er með þeim hætti í FAS að staðnemendur í fullu námi er gert kleift að ljúka mestum hluta námsvinnunnar í skólanum innan dagvinnutíma. Þegar staðnemendur hafa fengið sína hefðbundnu stundatöflu verða þeir aðstoðaðir við að skipuleggja námsvinnuna utan kennlustunda þannig að það skapist sem mest samfelldur vinnudagur.

Heimavist og veitingasala

Í skólanum er veitingasala þar sem boðið er upp á hafragraut kl. 10:00 og heitan mat í hádeginu. Hægt er að kaupa 10 miða kort og áskrift alla önnina. Verðskrá er á vef skólans.

Við skólann er heimavist sem er opin virka daga og um helgar samkvæmt samkomulagi. Þar er eldunaraðstaða fyrir nemendur.

Námsstyrkur

Nemendur í staðnámi sem búa í meira en 30 km fjarlægð frá skóla geta sótt um [jöfnunarstyrk](#) til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Hægt er að sækja um jöfnunarstyrk vegna fjallamenskunáms í FAS og er námið einnig lánshæft.

Umsjónarkennari fjarnáms- og fjarmenntaskólanemenda er Agnes Heiða Þorsteinsdóttir, agnes@fas.is
Upplýsingar um umsjónarkennara staðnemenda er að finna í Innu.

Skrifstofa skólans verður lokað frá og með 20. desember og opnar aftur 5. janúar.